

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 29. apríl 2014 á Kjóavöllum.

## 7. fundur

Fundur hófst kl. 18:15

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Hannes Hjartarson, Hermann Vilmundarson, Brynja Viðarsdóttir, Sigurður Halldórsson, Kristín Njálsdóttir og Lárus Finnbogason. Einnig sat fundinn Magnús Benediktsson framkv.stjóri félagsins.

1. Farið yfir verkefnalistann og hann uppfærður. Bókun vegna trygginga á eignum félagsins á svæðinu; Gengið verði frá samningum við Vátryggingarfélag Íslands hf. vegna trygginga á eignum hestamannafélagsins. Bókun vegna snertilyklakerfis; Lyklakerfi reiðhallar er tilbúið og uppsett. Ákv. að bjóða félagsmönnum lykla að höllinni f.o.m. mánaðarmótum t.o.m. 31. ágúst gegn áskrift að upphæð kr. 5.000.- pr. mánuð og til atvinnumanna á svæðinu gegn kr. 10.000.- pr. mánuð. Gjaldskrá og fyrirkomulag lyklakerfis verði síðan endurskoðað eftir lok þessa tímabils.
2. Staða verkefna framkv.stjóra. Magnús Benediktsson fór yfir verkefnalista sinn og gerði stjórn grein fyrir stöðu og framgang þeirra verkefna sem hann hefur unnið að frá því hann hóf störf sem framkv.stj. um miðjan mánuðinn.
3. Fjármálin: Lárus gerði grein fyrir uppgjöri og afgreiðslu á eldri reikningum frá tíð fyrri stjórnar. Heildarsýn á fjármál félagsins er að skýrast og búið að ganga frá nauðsynlegum breytingum vegna stjórnarskipta. Þá var samþykkt að útbúa verkferla sem unnið yrði eftir framvegis varðandi samþykkt og greiðslu reikninga og þeir verkferlar síðan kynntir stjórn og formönnum allra nefnda.
4. Linda, Hermann og Maggi gerðu grein fyrir stöðu verkefna sem unnin eru í samráði við bæjaryfirvöld í Garðabæ og Kópavogi.
5. Ráðningarsamningur gagnvart framkv.stjóra; Afgreiðslu stjórnar frestað til næsta fundar.
6. Laugardaginn 26. apríl sl. boðaði stjórn formenn nefnda til morgunverðarfundar. Góð mæting var á fundinn og almenn ánægja með framgang hans. Fundarmenn voru sammála því að mikilvægt væri að halda slíka fundi með reglubundnum hætti en stefnt er að öðrum slíkum í haust. Helstu verkefni stjórnar eftir fundinn:
  - Styrkja þarf æskulýðsnefndina
  - Taka upp viðburðadagatalið á ný, þ.e. prenta út og senda í öll hús á svæðinu.
  - Styðja við starf Landsmótsnefndar sem starfar fram yfir Landsmótið á Hellu nú í sumar.
  - Bjóða formanni nýstofnaðrar fjáröflunarnefndar félagsins á næsta stjórnarfund til að ræða störf þeirrar nefndar sérstaklega.

7. Undirbúningur fyrir félagsfund er hafinn – dagsetning ákveðin á næsta fundi stjórnar. Hannes Hjartarson vék af fundi.
8. Önnur mál: Lárus kynnti bréf frá Garðabæ vegna fasteignagjalda og lagði fram drög að svarbréfi hestamannafélagsins. Þá lagði Lárus fram yfirlýsingu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra vegna trúnaðar og meðferð gagna hjá hmf. Spretti. Stjórnarmenn og framkv.stjóri undirrituðu yfirlýsinguna í tveimur eintökum.  
Sem stjórnarmaður hjá félaginu lagði Lárus fram eftirfarandi bókun:

Ég undirritaður stjórnarmaður í hmf. Spretti óska eftir að bókað verði í fundargerð stjórnar að þar sem ég er endurskoðandi Kópavogsbæjar þá mun ég ekki koma að málum sem varða samskipti hmf. Sprettis við Kópavogsbæ.

Lárus Finnbogason.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:40

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir.